

..UNDARLEGA DIGRUM KARLARÓM..

**skopleikur um karlmennsku
í einum þætti**

**eftir
Benóný Ægisson**

PERSÓNUR:

ANTON, skrifstofumaður um þrítugt

JÓNAS, skrifstofustjóri um sextugt

GERÐUR, óskilgreint hlutverk, fertug

Sá aldur sem hér er tiltekinn er leiðbeinandi. Þrjátíu ár ættu að vera á milli karlanna en konan mitt á milli þeirra í aldri.

Sviðið er skrifstofa ANTONS. Skrifborð með síma. Kaffivél og vaskur. Einar dyr. Að öðru leyti er hönnuði leikmyndar í sjálfsveld sett hvernig hann útfærir hana.

ANTON situr við skrifborðið. Hann er að búa til pappírsskutlu.

ANTON

Leggja saman kantana. Strjúka niður brotið. Brjóta inn að miðlínu svo myndist 45 gráðu horn. Strjúka niður. Nú láta margir sér nægja að brjóta ytri kantinn niður að miðju svo vængirnir verði jafnbreiðir, línurnar samsíða. Svona.

(Fleygir skutlunni. Hann sækir skutluna og stingur henni í skrifborðsskúffu. Byrjar að brjóta aðra skutlu)

En ég geri meiri kröfur til flughæfni. Ég brýt aftur og helminga hornið. Þannig verður hún framþyngri og klýfur loftið betur.

Síminn hringir.

ANTON

Á þessu stigi málsins myndu sum fíflin myndu brjóta vængina samsíða og fá út fyrirbæri sem líkist þotu. En þá svífur hún ekki rétt.

(Tekur upp símtólið)

Halló! Halló! Halló!

(Leggur tólið á aftur)

Hún verður vængsmá, allt of framþung og leitar í gólfið.

Síminn hringir. ANTON svarar honum strax í þetta sinn.

ANTON

Halló! Haaallóó!

(Leggur tólið á)

Leyndarmál mitt er að helminga hornið einu sinni enn. Strjúka brotið niður. Svona!

Fljúgðu nú! Fljúgðu!

JÓNAS opnar hurðina og stingur höfðinu í gættina. ANTON kastar skutlunni og JÓNAS fylgir henni eftir með augunum. ANTON sækir skutluna. Síminn hringir og ANTON hleypur til og svarar.

ANTON

Halló!

(Leggur tólið á)

Kannski ætti ég að brjóta uppá vængendana?

ANTON verður var við JÓNAS. Honum bregður og felur skutluna fyrir aftan bak. Hann smáþokar sér bak við skrifborðið sitt og laumar skutlunni ofan í skúffu sem er full af skutlum.

JÓNAS
Er það hérna?

ANTON
Hvað þá?

JÓNAS
Ég var boðaður hingað. Það er örugglega hérna. Er það ekki?

ANTON
Það veit ég ekki. Engin segir mér neitt.

JÓNAS kemur inn í herbergið og hallar hurðinni á eftir sér.

JÓNAS
Einmitt það. Við sjáum þá til.
(Þögn)
Og hvert er svo þitt starfssvið?

ANTON
Mitt? Ég bara er hérna.

JÓNAS
Einmitt! Svo þú ert hérna.

ANTON
Já. Ég er hérna. Er eitthvað athugavert við það?

JÓNAS
Nei nei. Alls ekki. Mér datt bara í hug að þú vissir eitthvað. Fyrst þú ert hérna.

ANTON
Eins og ég sagði þér áðan: Enginn segir mér neitt.

JÓNAS
Er þetta ekki þín skrifstofa?

ANTON
Jú.

JÓNAS
Fyrst þetta er þín skrifstofa og ég var boðaður hingað þá hlýtur þú að vita eitthvað.

ANTON
Ég veit ekki neitt.

JÓNAS

Það er einmitt það. Jæja. Einhver hlýtur að koma og segja okkur hversvegna við vorum boðaðir.

ANTON

Ég var ekki boðaður. Ég er hérna.

JÓNAS

Alveg rétt. Þú ert hérna.

(Þögn)

Þú veist semsé ekkineitt.

ANTON

Nei. Ekki neitt.

JÓNAS

Það geta ekki allir vitað allt á stórum vinnustað.

ANTON

Nei. Auðvitað ekki.

JÓNAS

Einhver hlýtur að koma. Allavega til að hella uppá könnuna.

ANTON

Það kemur aldrei neinn.

JÓNAS

Enginn?

(Hræðilegur grunur læðist að honum)

Ekki hellirðu sjálfur uppá?

ANTON

Það kom aldrei neinn. Svo ég hætti að drekka kaffi.

JÓNAS

Já. Ekki dugar að deyja ráðalaus.

(Þögn)

Ég vona að ég sé ekki að tefja þig.

ANTON

Frá hverju?

JÓNAS

Ég veit það ekki. Ég þekki ekkert til þinna starfsaðferða. Vinnunni til dæmis?

ANTON

Já vinnunni. Nei nei. Þú ert ekkert að tefja mig.

JÓNAS

Það er gott.

(Í hálfum hljóðum)

Enginn til að hella uppá könnuna?

Síminn hringir. ANTON lætur hann afskiptalaus.

JÓNAS

Ætlarðu ekki að svara?

ANTON

Hann hættir fljótlega.

JÓNAS

Svararðu ekki í símann?

ANTON

Stundum. En það er aldrei neinn í honum.

JÓNAS

Síminn er kannski bilaður.

ANTON

Nei nei. Hann virkar.

JÓNAS

Hvernig veistu það?

ANTON

Ég hringi stundum í orð lífsins. Eða veðrið. Ef mér leiðist og langar til að tala við einhvern.

JÓNAS

Einmitt það já. Einmitt það.

(Þögn)

Ertu búinn að vera lengi hérna?

ANTON

Fimm ár.

JÓNAS

Ég er búinn að vera hérna í þrjátíu og sjö ár.

ANTON

Hérna?

JÓNAS

Uppi. Í stjórnsýslu. Auðvitað hef ég ekki verið þar allan tímann.

ANTON

Ég var fimm ár í móttöku áður en ég var fluttur hingað.

JÓNAS

Þarna geturðu séð. Maður byrjar neðst og vinnur sig upp.

ANTON

Mér fannst ágætt að vera í móttökunni. Klípa í stelpurnar og svolleiðis. Þú skilur.. það kom fullt af fólki. Ég var bara kominn með lengsta starfsaldurinn svo ég varð að flytja.

JÓNAS

Gangur lífsins. Allt fram streymir endalaust..

ANTON

Ég er ekki að kvarta. Launin eru miklu betri.

JÓNAS

Það er eitt sem ég skil ekki. Hversvegna er ég boðaður niður í hagsýslu? Það eru miklu betri fundarherbergi uppi.

ANTON

Ég veit það ekki.

JÓNAS

Það hlýtur að vera góð ástæða fyrir því.

ANTON

Ætli það ekki.

JÓNAS

Þetta hlýtur að vera einhverskonar leynifundur.

ANTON

Heldurðu það?

JÓNAS

Það segir sig sjálft. Enginn veit neitt. Ekki einusinni þú og samt er þetta þín skrifstofa.

ANTON

Það er satt. Ég veit ekki neitt.

JÓNAS

Það hlýtur að vera einhver valdameiri en ég sem hefur boðað til þessa fundar. Hugsaðu þér það! Toppfundur í þinni skrifstofu.

ANTON

Að hugsa sér! Í minni skrifstofu.

ANTON byrjar að laga til en hættir því fljótlega því fátt er í skifstofunni sem getur færst úr lagi.

JÓNAS

Þú færð núna einstakt tækifæri til að koma vel fyrir. Hækka í áltí í augum yfirboðaranna. Ég man vel hvernig ég hagaði mér þegar ég var ungur og graður. Það voru tímar! Alltaf tilbúinn að hlaupa til og rétta kaffið. Lána penna. Ég var vanur að vera með fjóra aukapenna í brjóstvasanum. Og það borgaði sig. Líttu á mig.

(Þögn)

Já líttu á mig!

ANTON

Líta á þig?

JÓNAS

Já líttu á mig. Hér sérðu mann sem hefur unnið sig upp af eigin rammleik. Mann sem vílar ekkert fyrir sér til að komast til metorða. Ég hef borið út ekkjur og munaðarleysingja til að verða það sem ég er í dag. Ég hef logið svikið og smjaðrað. Baktalað og rægt! Ha! Þetta er ekki áreynslulaust. Og hvað með þig

ANTON

Mig?

JÓNAS

Já þig! Hvað hefur þú gert? Eða ölluheldur.. gerirðu það sem gera þarf?

ANTON

Það hefur lítið reynt á það hingaðtil.

JÓNAS

Dæmigert fyrir unga fólkið í dag. Það er ekki viðbúið. Það hefur fengið allt uppí hendurnar og hefur því ekkert frumkvæði. Gerirðu þér grein fyrir því að þegar ég var á þínum aldri þurfti ég að ganga í vinnuna? Skilurðu það? Ganga! Eða - ég kem mér varla að því að segja það - taka strætisvagn!

ANTON

Það eru breyttir tímar. Sem betur fer.

JÓNAS

Hefurðu einhvern tíma verið í strætisvagni fullum af fiskvinnslufólki að koma úr vinnunni? Ég get sagt þér það að það er lífsreynsla sem þú gleymir aldrei. Aldrei! Lyktin er svo megn að hún er áþreifanleg. Það er hvergi hægt að halda sér í því allt er sleipt af slori og maður dettur utan í fólkið og kemur lyktandi heim. Þarf að viðra frakkann sinn úti á svölum til næsta morguns. Fara í hann beinfrosinn á vetrarmorgnum og skjálfa sér til hita. Nei. Þá voru ekki þeir tímar að það væri innangengt í upphitaðan bílskúr og á vinnustaðnum væri bílageymsla og hver hefði sinn bílskúrshurðaropnara. Bara út úr bílnum og inn í lyftuna. Nei. Ykkar líf er auðvelt.

ANTON

Lífið er enginn dans á rósum.

JÓNAS

Ja þú segir það.

ANTON

Það er ekkert auðveldara að lifa núna. Allt er orðið svo flókið.

JÓNAS

Þú hefur engan ritara er það?

ANTON

Nei.

JÓNAS

Það er hægt að vaða inn á þig óviðbúinn. Ritari er hverjum manni nauðsynlegur þröskuldur.

ANTON

Hingað kemur aldrei neinn.

JÓNAS

Ef maður hefur ritara getur maður haft sína hentisemi. Maður getur verið á bolnum eða sokkaleistunum ef maður vill. Maður getur sofið.

ANTON

Það er óneitanlega kostur.

JÓNAS

Þeir sem boðuðu okkur gætu birst hvenær sem er og við værum gjörsamlega óviðbúinir. Flestir ganga út frá því að hlutirnir séu eins og þeir virðast vera við fyrstu sýn. Og við kannski í vafasömum stellingum. Framavonin farin. Gerirðu þér grein fyrir því?

ANTON

Ég var ekki boðaður.

JÓNAS

Það er rétt. Alveg er þetta stórmerkilegt.

ANTON

Já alveg stórfurðulegt.

JÓNAS

Merkilegt!

ANTON

Ha?

JÓNAS

Ég sagði merkilegt. Það er ekkert furðulegt við það. Það er merkilegt. Þegar ég segi að það sé merkilegt þá er það merkilegt en ekki furðulegt. Ég er hærra settur en þú.

ANTON

Já auðvitað. Alveg merkilegt.

Þögn.

JÓNAS

Ég verð að fara úr skónum.

ANTON

Ha?

JÓNAS

Nudd skósins við nælonteppið framkallar rafmagn sem fótrakahvetjandi. Þegar ég er á skrifstofunni minni er ég alltaf á sokkaleistunum. En ég hef auðvitað ritara.

ANTON

Til að vara þig við.

JÓNAS

Einmitt! Svo ég þurfi ekki að taka á móti fólki á sokkaleistunum. Þér er ekki alls varnað.

ANTON

Þér er velkomið að fara úr skónum. Það er allt í lagi mín vegna.

JÓNAS

En ef einhver kæmi?

ANTON

Þú getur setið við skrifborðið mitt. Þá sér engin að þú ert á sokkaleistunum. Svo geturðu mjakað þér í skóna svo lítið beri á.

JÓNAS

Vel hugsað ungi maður. Vel hugsað. Þú átt eftir að ná langt.

ANTON

Ég reyni að gera mitt besta.

ANTON stendur upp og JÓNAS sest í sæti hans.

JÓNAS

Ertu fótrakur?

ANTON

Nei. Það held ég ekki.

JÓNAS

Fótrakinn kemur seinna. Hann er atvinnusjúkdómur.

Þögn. JÓNAS bisar við að fara úr skónum.

JÓNAS

Þetta var betra.

ANTON

Ef einhver kemur þá skellirðu þér bara í skóna og enginn veit neitt.

JÓNAS

Alveg bráðsnjallt!

ANTON

Líður þér betur núna?

JÓNAS

Miklu betur.

ANTON

Hvernig er stóllinn?

JÓNAS

Stóllinn er ágætur. Ekki einsgóður og minn enda er ég hærra settur. En hann er ágætur.

ANTON

Og borðið? Hvernig er það?

JÓNAS

Það er varla komin reynsla á það. En ég býst við að það sé ágætt.

ANTON

Það er mér mikil ánægja að þér líkar vel.

Síminn hringir

ANTON

Síminn? Þú vilt kannski prófa hann?

JÓNAS

Nei. Ég kann ekki við það. Þetta er þinn sími.

ANTON

Þú ert alveg viss?

JÓNAS

Alveg viss!

ANTON

Ég svara þá.

JÓNAS

Endilega.

ANTON

Það er sjálfsagt enginn í símanum.

(Tekur upp tólið)

Halló!

(Furðusvipur kemur á andlit hans)

Ja..

(Við Jónas)

Heitir þú Jónas?

JÓNAS

Já.

ANTON

Hann er hér.. Ég? Ég heiti Anton.. Já. Við erum hér.. Allt í lagi.

(Leggur tólið á)

Hún er að koma.

JÓNAS

Hún hver?

ANTON

Það veit ég ekki. Hún sagði það ekki.

JÓNAS

Var hún valdsmannsleg?

ANTON

Nei. Ekkert sérstaklega.

JÓNAS

Hver fjandinn er á seyði?

ANTON

Ég veit það ekki. Ég..

JÓNAS

Já ég veit það. Þú ert bara hérna.

(Þögn)

Hún hlýtur að vera einhver sem hellir uppá könnuna.

ANTON

Getur ekki verið að hún hafi boðað þig?

JÓNAS

Ólíklegt. Hvað sagði hún?

ANTON

Hún sagðist vera að koma.

JÓNAS

Ég veit það. Hvað sagði hún? Frá orði til orðs.

ANTON

Er þetta Jónas?

JÓNAS

Er hver Jónas?

ANTON

Hún sagði það: Er þetta Jónas?

JÓNAS

Allt í lagi. Haltu áfram.

ANTON

Þá sagði ég..

JÓNAS

Já já. Ég heyrði það. Áfram.

ANTON

Og hver ert þú með leyfi?

JÓNAS

Ég var búinn að segja þér það. Ég..

ANTON

Sagði hún..

JÓNAS

Já auðvitað. Reyndu nú að koma þessu út úr þér.

ANTON

Þá sagði ég..

JÓNAS

Já ég veit það. Hvað sagði hún þá?

ANTON

Ég er að koma.

JÓNAS

Ég er að koma?

ANTON

Já.

JÓNAS

Ekkert annað?

JÓNAS

Nei. Ekkert annað.

Þögn.

JÓNAS

Alveg er þetta stórfurðulegt..

ANTON

Merkilegt!

JÓNAS

Ha?

ANTON

Þú sagðir merkilegt áðan.

JÓNAS

Hvaða andskotans orðhengilsháttur er þetta? Þegar ég segi merkilegt þá meina ég merkilegt. Þegar ég segi furðulegt þá meina ég furðulegt. Er það skilið?

ANTON

Já auðvitað.

JÓNAS

Fjandinn hafi það. Það er ekki mikið á þessu að græða. Hún getur verið hver sem er. Eitt er þó lýsandi í þessu máli.

ANTON

Hvað þá?

JÓNAS

Nú! Sérðu það ekki maður? Hún er kona - ekki satt?

ANTON

Eftir því sem ég best veit. Hún sagði annars ekkert um það.

JÓNAS

Og hvaða lærdóma getum við dregið af því?

(Þögn)

Sjáðu til: Hér eru örfáar konur í toppstöðum. Þar af leiðandi eru yfirgnæfandi líkur á því að hún sé aðstoðar.. eitthvað. Segðu mér eitt. Hvað gera konur best?

ANTON

Þær eru auðvitað bestu mæðurnar. Og svo eru þær góðar í..

JÓNAS

Það er ekki það sem ég á við. Ég meina hérna. Í þessari stofnun.

(Þögn)

Ég skal segja þér það: Eitt. Þær svara vel í síma. Tvö. Þær eru góðar í vélritun og ljósritun. Þrjú. Þær hella uppá gott kaffi. Allavega þær bestu. Þar að leiðandi: Eitt. Þurfum við einhvern til að svara í símann? Nei. Það er aldrei neinn í honum.

ANTON

Hún.

JÓNAS

Undantekningartilfelli. Tvö. Þurfum við að láta vélrita eða ljósrita eitthvað fyrir okkur? Nei. Við vitum ekki einusinni hversvegna við vorum boðaðir. Hvað þá að við þurfum að ljósrita eitthvað.

ANTON

Ég var ekki boðaður. Og það gæti verið að sá sem boðaði þig þyrfti á ljósritun að halda.

JÓNAS

Það er möguleiki - en það á þá eftir að koma í ljós. Þrjú. Þurfum við að láta hella uppá könnuna? Hvort við þurfum. Hér hefur ekki verið hellt uppá í fimm ár.

ANTON

Kannski lengur. Ég veit ekki hver var hér á undan mér.

JÓNAS

Hún kemur semsé til að hella uppá.

ANTON

En..

JÓNAS

Ekki orð um það meir. Skárri væri það nú að boða mann í minni stöðu hingað niður og bjóða honum ekki uppá kaffi.

ANTON

Ég er ekki að rengja þig. Alls ekki. Það er bara svo undarleg tilfinning að vita af því að einhver er á leiðinni hingað til að hella uppá. Því hingað kemur aldrei neinn.

JÓNAS

Er það góð tilfinning?

ANTON

Ég er ekki frá því. Já hún er nokkuð góð. Hún er svona.. ja.. eins og.. ja ég veit ekki hvort þú skilur mig.. hún er svona eins og að taka upp kartöflur.

JÓNAS
Kartöflur?

ANTON

Já við erum með garð. Ég og konan. Við tökum alltaf upp á haustin. Það er venjan í kartöfluræktinni. Það er viss stemming að standa úti beði útataður í mold og sjá meðlætið með ýsunn birtast. Svo kemur kannski hellirigning og allt breytist í for og maður keppist við að bjarga uppskerunni áður en litlu kartöflurnar drukkna.

JÓNAS

Fiskur kemur aldrei inn fyrir mínar varir. Og guði sé lof fyrir að kokkteilsósan hefur haldið innreið sína í dreifbýlið.

Það er drepíð á dyr. GERÐUR kemur inn.

GERÐUR
Góðan dag.

JÓNAS

Svo þú ert komin. Kaffivélin er þarna.

Dálítill undrunarsvipur kemur á andlit GERÐAR en hverfur strax aftur.

GERÐUR

Kaffivélin? Já auðvitað!

GERÐUR gengur raleitt að kaffivélinni og byrjar að hella uppá.

ANTON

(Í hálfum hljóðum)

Afsakaðu.. ég ætla ekki að skipta mér að..

JÓNAS

(Hvíslar á móti)

Já komdu þessu út úr þér maður.

ANTON

Skórnir. Skórnir.

JÓNAS

(Með eðlilegum raddstyrk)

Það er allt í lagi með þá. Hún er undirtylla. Þú átt margt eftir ólært ungi maður.

ANTON

Það er reynsluleysi mitt. Það hefur aldrei háð mér eins og núna.

JÓNAS

Reynslan já. Hún er dýrkeypt. Hún verður ekki fengin nema með reynslunni.

GERÐUR

Þá er kaffið komið af stað. Er það eitthvað fleira sem þú vilt að ég geri?

JÓNAS

Fékkstu engin fyrirmæli?

GERÐUR

Nei.

JÓNAS

Hver boðaði þig?

GERÐUR

Ég var ekki boðuð. Ég var send.

JÓNAS

Já auðvitað.

(Þögn)

Hver sendi þig?

GERÐUR

Ég veit það ekki. Það var einhver ritari. Hún sagði að ég ætti að fara hingað.

JÓNAS

Ritari hvers? Hvað hét hún?

GERÐUR

Hét? Það veit ég ekki. Ég man ekki hvort hún sagði neitt um það.

JÓNAS

Þú átt að taka betur eftir. Þá geturðu svarað þegar þú verður spurð.

GERÐUR

Guð! Ég bara vissi ekki að ég yrði spurð.

JÓNAS

Engin hugsun! Engin hugsun.

Þögn. JÓNAS stendur upp. Hann fer að aka sér eins og hann klæi. Hann fer úr jakkanum og hengir hann á stólbak. Reynir að klóra sér á herðablaðinu. Fer að dyrunum og nuddar herðablaðinu utan í dyrastafinn. Sest og ekur sér öðruhvoru eins og hann sé viðþolslaus af kláða.

ANTON

Svo þú veist þá ekkert heldur?

GERÐUR

Guð nei. Ekki neitt.

ANTON

Þú ert lipur við uppáhellinguna.

GERÐUR

Uss.. þetta er enginn vandi.

ANTON

Það virðist svo auðvelt þegar þú gerir það. Ég hef aldrei komist uppá lag með þetta.

GERÐUR

Það geta þetta allir. Það er bara að reyna. Annars sagði pabbi alltaf að karlmenn helltu uppá betra kaffi en konur.

ANTON

Sagði hann það já?

GERÐUR

Já. Hann sagði líka að ef ætti að gera eitthvað þá ætti að fá konu til þess. En ef ætti að gera það vel þá ætti að fá karl.

ANTON

Merkileg kenning!

GERÐUR

Finnst þér það?

ANTON

Ég meina sem kenning. Ég hef engar forsendur til að skera úr um hvort hún er rétt.

(Feimnislega)

Værirðu til í.. ég meina.. viltu..

GERÐUR

Já. Hvað viltu?

ANTON

Mig langar..

GERÐUR

Já..

ANTON

Mig langar svo að,..

GERÐUR

Já segðu það!

ANTON

Langar svo til að þú..

GERÐUR

Hvað viltu að ég geri?

ANTON

Kennir mér að hella uppá.

GERÐUR

Af hverju sagðirðu það ekki strax?

ANTON

Þú veist hvernig þetta er.

GERÐUR

Þetta er enginn vandi.. Þú setur kaffið hérna og vatnið hérna og svo ýtirðu á þennan takka.

ANTON

Þetta er einfalt.

JÓNAS

Enda kvenmannsverk. Farðu fram á gang.

ANTON

Fram á gang? Til hvers?

JÓNAS

Stattu vörð.

ANTON

Núna?

JÓNAS

Já núna. Fyrst þú ert sá andskotans aumingi að vera ekki búinn að koma þér upp ritara verðurðu að fara sjálfur fram og standa vörð. Láttu mig vita ef einhver kemur.

ANTON fer út. JÓNAS horfir á GERÐI. Hneppir hægt frá sér skytunni. Fer úr henni og hengir á stólbakið. Horfir á GERÐI. Sest við skrifborðið.

JÓNAS

Klóraðu mér á herðablaðinu.

GERÐUR

Klóra þér?

JÓNAS

Já klóraðu mér. Skilurðu ekki mælt mál?

GERÐUR

Hversvegna viltu að ég klóri þér?

JÓNAS

Hversvegna? Hversvegna! Af því að mér klæjar!

GERÐUR

Já auðvitað.

(Klórar Jónasi á bakinu)

Hérna?

JÓNAS

Aðeins neðar! Ofar! Þarna! Þetta er fínt. Betur! Aðeins fastar! Ahhh! Þú klórar vel.

GERÐUR

Þakka þér fyrir.

JÓNAS

Alveg guðdómlega. Nei ekki hætta. Hinummegin núna.

GERÐUR

Hérna?

JÓNAS

Neðar. Þarna. Þetta er svo gott. Segðu mér. Ertu í einhverju föstu starfi hérna?

GERÐUR

Nei. Ekki beint.

JÓNAS

Þú veist að það getur komið sér vel að eiga vini á efstu stöðum. Ég er valdamikill maður.

GERÐUR

Ég klóra þér og þú klórar mér.

JÓNAS

Þar hittirðu naglann á höfuðið. Dugleg stelpa.

GERÐUR

Þakka þér fyrir.

JÓNAS

Mín er ánægjan. Betur. Betur. Betur.

ANTON kemur inn.

ANTON

Þarf ég að standa þarna lengi? Það kemur enginn.

JÓNAS

Hefur þú aldrei lært að banka?

ANTON

En þetta er mín skrifstofa.

JÓNAS

Ég get ekki séð að það skipti neinu máli. Skipun er skipun. Þér var sagt að vera á verði. Farðu fram og teldu upp að hundrað. Svo máttu koma inn.

ANTON fer aftur út.

GERÐUR

Er þetta nóg?

JÓNAS

Aðeins betur. Svona. Þetta er fínt.

(Stendur upp og klæðir sig í skyrtu bindi jakka og skó)

Það er óþolandi að vita ekki eftir hverju maður er að bíða. Ertu viss um að enginn hafi sagt neitt við þig?

GERÐUR

Alveg viss.

JÓNAS

Einhver hlýtur að vita eitthvað. Ég verð að komast að því hver það er. Nota samböndin. Nota samböndin.

GERÐUR

Maður eins og þú hlýtur að hafa góð sambönd.

JÓNAS

Rétt góða mín. Hárrétt! Nú ætla ég að komast til botns í þessari vitleysu.

GERÐUR

Ég hef alltaf verið veik fyrir ákveðnum mönnum.

JÓNAS

Ég læt ekki bjóða mér þetta. Hanga hér yfir engu eins og ég hafi ekkert betra við tíma minn að gera.

GERÐUR

Sumir halda að það sé útlitið sem skiptir stúlku máli. Stórir vöðvar og flottur rass. Eða peningar. Dýrir bílar og rjómaþöndur á barnum. En það er ekki rétt. Ekkert er eins æsandi og valdið.

JÓNAS

Valdið já! Það er það sem heldur mönnum gangandi þegar þeir mega ekkert éta lengur - þegar þeir eru hættir að hafa áhuga á kvenfólki - þegar þeir hafa eignast allt sem hægt er að eignast. Þá er ekkert eftir til að gera tilveruna bærilega nema valdið. Það er hægt að komast af án alls nema þess.

JÓNAS sest við símann og hringir. ANTON opnar dyrnar varlega og kíkir inn. Hann sér að JÓNAS er í símanum og kemur inn. Vel fer á því að fleyga símtöl JÓNASAR betur inn í samtöl ANTONS og GERÐAR en hér er gert.

JÓNAS

(Í símann)

Sigurður! Jónas hér!.. Hún er fín.. Jájá konan líka. Heyrðu. Ég er hérna niðri í hagsýslu.. Nei nei ekkert svoleiðis. Ég var boðaður hingað niður. Gallinn er bara sá að ég veit ekki hver boðaði mig. Kannast þú eitthvað við þetta mál?..Ekki.. Sigurjón. Hann gæti vitað eitthvað.. Ég reyni það. Blessaður.

(Hringir aftur)

ANTON

Það bólar ekki á neinum.

GERÐUR

Áttirðu von á einhverjum?

ANTON

Nei ekki ég. Hann. Ég er bara hérna.

GERÐUR

Hvað ertu búin að vera hérna lengi?

ANTON

Fimm ár. Fyrst var ég fimm ár í móttöku.

JÓNAS

(Í símann)

Sigurjón. Blessaður.. Ég var boðaður niður í hagsýslu - kannast þú við það?.. Já. Ég er hérna í einhverri skrifstofu.. Það er einhver strákur. Enginn sem skiptir máli.. Já þetta er skritið.. Já. Við þurfum að fara að hittast. Detta í það.. Einmitt. Við hringjumst á. Blessaður.

(Hringir aftur)

GERÐUR

Tíu ár. Og þú ert hérna ennþá.

ANTON

Já. Hér er ég.

GERÐUR

Stendur ekki til að flytja þig?

ANTON

Ekki svo ég viti til. Hingað kemur enginn. Það talar enginn við mig.

GERÐUR

Hefurðu engan metnað drengur? Það þýðir ekki að sitja með hendur í skauti.

JÓNAS

(Í símann)

Sigvaldi. Blessaður. Fyrirgefðu að ég skuli vera að trufla þig. . Það kom dálítið merkilegt uppá og ég ætlaði að athuga hvort þú vissir eitthvað um það. Ég var boðaður niður í hagsýslu.. Þú veist ekkert um það. . Þakka þér fyrir og afsakaðu ónæðið.

(Hringir aftur)

ANTON

Stundum æfi ég mig.

GERÐUR

Æfir þig? Í hverju?

ANTON

Ég meina.. ef kallið myndi koma. Ég æfi mig í að tala og svoleiðis.

GERÐUR

Leyfðu mér að heyra.

ANTON

Æi nei. Ég kann ekki við það.

GERÐUR

Gerðu það!

ANTON

Það er svo asnalegt.

GERÐUR

Nei nei. Kýldu bara á það.

JÓNAS

(Í símann)

Er Sigvaldi við?.. Á fundi. Þakka þér fyrir.

(Hringir aftur)

ANTON

Þú verður að lofa að hlæja ekki að mér.

GERÐUR

Ég lofa því.

ANTON

Með tilliti til óvissu í útreikningi hagstærða á ársgrundvelli samanbórið við útkomuspár undanfarinna ára er það óráð hagsýslulega séð að leggja í óarðbærar fjárfestingar á undangenginnar áætlunargerðar þar sem þjóðhagslegar batahorfur eru ekki á næsta leyti fyrirsjáanlega séð.

(Þögn)

Hvernig fannst þér þetta?

GERÐUR

Fínt! Þetta var fínt. Fyrirsjáanlega séð! Alveg snilldarlegt!

JÓNAS

(Í símann)

Er Sigfreður við?.. Jónas í stjórnsýslu.. Komdu sæll. Afsakaðu ónæðið.. Ég var að velta því fyrir mér hvort þú hafir látið boða mig niður í hagsýslu.. Nei auðvitað ekki.. Já ég skil að tími þinn er dýrmætur. Afsakaðu margfaldlega.
(Það er skellt á og honum er brugðið. Hringir aftur)

ANTON

Fannst þér þetta í alvöru gott?

GERÐUR

Alveg rosalega gott. Þú hefðir getað farið með þetta beint í sjónvarpið.

ANTON

Heldurðu það? Auðvitað sér maður sig dálítið þannig í hillungum. Þú veist.. sem álitsgjafa. Koma fram í sjónvarpi með dálitlu yfirlæti því maður veit betur en þessir vitleysingar. Þú veist.. nota alla frasana: Hámörkun á lágmarki aflamarks og þörfin á áætlanagerð var gróflega vanáætluð og allt það. En maður á víst litla von. Hér er ég búinn að vera í fimm ár og enginn hefur komið.

GERÐUR

En nú er ég hér.

ANTON horfir undrandi á GERÐI.

JÓNAS

(Í símann)

Gulla! Ég verð seinn í matinn - það kom dálítið uppá.. Hvað er þetta manneskja geturðu ekki haldið þessu heitu?.. Það veit ég ekkert um.. Nú koma þau? Þú verður bara að segja þeim að ég verði seinn. Ábyrgðin. Mikilvæg ákvarðanatoka. Allt það. Ég hef ekki hugmynd um hvenær ég losna.. Nei.. Nei.. Gefðu þeim vel í glas - voðalegur vandræðagangur er þetta.. Já já. Ég kem um leið og ég get.

(Leggur á)

Kvenfólk!

GERÐUR

Einhver vandræði heima hjá þér?

JÓNAS

Vandræði! Það er ekki rétta orðið. Það er eins og himinn og jörð séu að farast.

(Þögn)

Ég er steinhættur að botna í þessu. Það kannast enginn við að hafa boðað mig hingað.

ANTON

Þú sagðir að hugsanlega væri þetta leynifundur.

JÓNAS

Og hvað með það.

ANTON

Kannski á hann að fara mjög leynt. Enginn veit af honum ekki einusinn ég og þó er þetta mín skrifstofa.

JÓNAS

Já já já. Ég veit allt um það. Hættu nú þessu stagli maður. Það segir ekki neitt þó þú vitir ekkert. Svona maurar eins og þú vita hvort eð er aldrei neitt í sinn haus.

ANTON

Það er óþarfi að vera með persónlegar..

JÓNAS

Æ hlífðu mér við bullinu í þér. Það er nóg að þurfa að hanga í þessari kytru þó það bætist ekki við.

Löng þögn.

GERÐUR

Kaffið er til. Vill einhver tíu?

ANTON

Já takk! Endilega.

JÓNAS svarar engu. Hann er brúnaþungur. GERÐUR hellir í bolla fyrir ANTON og sjálfa sig.

GERÐUR

Mjólk eða sykur?

ANTON

Svart og sykurlaust.

(Sýpur)

Þetta er afskaplega gott kaffi hjá þér. Ég held að ég hafi sjaldan bragðað jafngott kaffi.

GERÐUR

Þakka þér fyrir.

ANTON

Það er viss stemming yfir því að drekka kaffi með öðru fólki. Já bara að drekka kaffi yfirleitt. Ég var eiginlega búinn að gleyma því hvernig það var.

GERÐUR

Þú ættir að vera meira innan um annað fólk.

ANTON

Ég hitti auðvitað konuna og börnin. En það er ekki það sama. Þetta er skrítið. Ég er búinn að vera einn hérna í fimm án þess að finna neitt sérstaklega fyrir því. Svo komið

Þið og við höfum það svona huggulegt drekkandi kaffi og allt og ég fer að verða óánægður með hlutskipti mitt.

GERÐUR

Þig langar þá að breyta til?

ANTON

Svei mér þá! Það er kominn tími til. Ég hef bara ekki hugmynd um hvernig ég á að fara að því.

GERÐUR

Það verða einhver ráð.

ANTON lítur á hana. Eitthvað er að brjótast um í kollinum á honum,

JÓNAS

Ég læt ekki bjóða mér þetta. Ég er farinn.
(Gengur á átt til dyra)

ANTON

Hvað á ég að segja honum?

JÓNAS

Hverjum

ANTON

Þeim sem boðaði þig. Ef hann kemur.

JÓNAS

Fjandakornið! Ég get ekki farið fyrr en ég kemst að því hver hann er. Ef ég er farinn þegar hann kemur og hann er valdameiri en ég þá er ég í vondum málum. Af hverju kemur hann ekki?

ANTON

Kannski er hann þegar kominn.

JÓNAS

Hvað áttu við?

ANTON

Kannski kemur hann ekki af því hann er þegar kominn.

JÓNAS

Láttu ekki eins og véfrétt mannandskoti. Hann hver?

ANTON

Hún!

JÓNAS

Hún?

ANTON

Já hún.

JÓNAS

En hún er kona!

GERÐUR

Til hamingju Anton. Þetta var skarplega athugað. Gerður Guðmundsdóttir heiti ég. Frá EES.

JÓNAS

Evrópska efnahagssvæðinu?

GERÐUR

Eftirlit og endurskipulagning. Mitt hlutverk er að fylgjast með starfsfólki og sjá hvernig það vinnur sín verk. Sjá hvort fólk veldur því sem því hefur verið trúað fyrir. Færa það til og þessháttar.

ANTON

En þú ert kona!

GERÐUR

Já er það ekki stórsnjallt? Hið fullkomna dulargervi fyrir eftirlitsmann. Þig grunaði aldrei neitt var það?

JÓNAS

Mér finnst þetta lúalegt.

GERÐUR

Mér var falið að gera úttekt á þér. Þessvegna boðaði ég þig hingað. Það hafa gengið sögur um að þú værir hálfgerð tímaskekkja og það að þú skyldir álíta að ég væri kaffikona kom mér í lykilaðstöðu. Besta leiðin til að kynnast yfirmönnunum er að vera undirmaður þeirra. Valdamenn eru svo naktir gagnvart undirsátunum. Keisarinn er ekki í neinum fötum og allt það. Í stuttu máli þá er lífssýn þín úrelt eins og kaffikonurnar. Nú á dögum hella yfirmennirnir uppá fyrir undirmennina. Það er hluti að mýkri ímynd sem er afkastahvetjandi samkvæmt nýjustu rannsóknum.

JÓNAS

Ætlaðu að setja þetta bull í skýrsluna þína?

GERÐUR

Meðal annars. Þar mun líka koma fram að þú sért illa haldinn af valdahroka. Þú misnotar aðstöðu þína.

JÓNAS

Til hvers ætti maður að reyna að koma sér í valdastöðu ef maður ætlar sér ekki að misnota hana? Það stríðir gegn öllum náttúrulögmálum að gera það ekki.

GERÐUR

Má vera. Það væri hægt að fyrirgefa það. En ekki kynferðislega áreitni.

JÓNAS

Kynferðislega áreitni?

GERÐUR

Já. Það er vitni að því.

JÓNAS

Ég bað þig bara um að klóra mér á bakinu.

GERÐUR

Gleymdu ekki að þú lofaðir að verðlauna mig ef ég léti undan sjúklegum fýsnum þínum. Ég klóra þér og þú klórar mér. Það var inntakið. Guð veit hvað hefði gerst ef Anton hefði ekki komið inn.

JÓNAS

Það hefði ekkert gerst. Mig klæjaði bara.

GERÐUR

Þú notfærðir þér aðstöðu þína. Ég þekki karlpunga eins og þig. Ekkert nema kvenfyrirlitningin. Öll þín tilvera er lítilsvirðing við konur. Það kæmi mér ekki á óvart að þú hataðir þær og sennilega ertu laumuhommi.

JÓNAS

Hvílík endemis della. Ég elska konur. Margar af mínum bestu vinkonum eru konur. Konan mín er kona. Móðir mín er kona. Jafnvel dóttir mín er kona.

GERÐUR

Þetta segja þeir allir. Dæmigerð karlremba.

JÓNAS

Enginn metur konur jafnmikils og ég. Hvað værum við karlmenn á þeirra. Við kæmum engu í verk ef þær vélrituðu ekki og svöruðu í símann. Ef þær elduðu ekki og sæu um börnin. Hvar værum við staddir ef þær bókstaflega sæu ekki um allt á meðan við tókum mikilvægar ákvarðanir? Á bak við hvert mikilmenni er kona.

GERÐUR

Þarf frekari vitnanna við? Þú ert illa haldinn. Ef þú værir ekki það nátttröll sem þú ert þá myndi ég ráðleggja þér að fara í meðferð. En þér er ekki viðbjargandi.

Þögn.

JÓNAS

Hvað gerist núna?

GERÐUR

Þú getur verið hérna þangað til uppsagnarfresturinn er liðinn.

JÓNAS

Í hagsýslu! Hvílk niðurlæging.

ANTON

En hvað um mig?

GERÐUR

Satt að segja höfðum við ekki hugmynd um að þú værir hérna. Við höldum að þessi skrifstofa væri tóm. En það var gaman að kynna þér.

ANTON

Ánægjan er mín.

GERÐUR

Segðu mér Anton: Hver er afstaða þín til kvenna?

ANTON

Móðir mín var einstæð. Hún ól mig upp með dyggri hjálp fóstara, kennara og félagsráðgjafa sem allar voru konur. Konur hafa kennt mér allt.

GERÐUR

Kannski gætir þú hjálpað okkur við að gera ímynd þessarar stofnunar nútímalegri. Komdu með mér. Það er kominn tími til að færa þig á milli hæða. Vertu sæll Jónas og mundu að þetta er ekkert persónulegt.

Þau fara.

JÓNAS

Ekkert persónulegt! Það var heldur ekkert persónulegt þegar ég traðkaði á ekkjum og munaðarleysingjum. Ég var ekki að láta þær gjalda kynferðis sín.

(Þögn)

Mig grunaði þetta alltaf. Ég vissi að þær myndu ekki láta staðar numið við jafnrétti á vinnumarkaði og sömu laun. Að þær myndu ekki láta sér nægja að við vöskuðum upp, skúruðum og skiptum á börnum. Ég vissi það og barðist gegn öllum breytingum en yngri og reynslulausari menn flutu sofandi að feigðarósi. Ég vildi ekki leggja niður þann skjöld sem nauðsynlegur var til verndar föðurlandinu. Þeir tóku ekki einu sinni við sér þegar pissuskálarnar voru bannaðar því þær mismunuðu kynjunum. Þær eru hættulegt kyn - útfarnar í allskyns undirferli eftir árþúsunda neðanjarðarstarfsemi. Og nú eru þær búnar að skella undan mér. Svipta mig valdinu. Mest mun ég sakna valdsins.

JÓNAS sest við skrifborðið. Eftir nokkra stund byrjar hann að draga út skúffur. Allt tomt.

JÓNAS

Tómt! Allt innantómt.

Að lokum kemur hann að skutluskúffunni.

JÓNAS

Skutlur! Allar meira og minna hönnunargallaðar. Vængirnir eiga að vera jafnbreiðir og ytri brúnin að mynda samsíða línu við miðjuna. Hérna er ein með réttu lagi.

JÓNAS fleygir skutlunni og horfir á hana svífa. Hann tekur upp aðra skutlu.

JÓNAS

Flugfreyjur búið ykkur undir flugtak!

JÓNAS hlær tryllingslega og fleygir skutlunni. Hann tekur upp aðra og fleygir henni líka. Síðan aðra og enn aðra. Smáeykur hraðann þar til hann er farinn að henda skutlum í algjörum tryllingi. Stansar með síðustu skutluna á lofti. Lætur handlegginn síga. Sest. Hallar sér fram - olnbogar á hné - kreistir skutluna á milli handanna.

TJALDIÐ